

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjast eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Það felur í sér kjaraskerðingu um 5–600 millj. kr. fyrir launafólk á sama tíma og ríkisstjórnin marglofar gríðarlegum skattalækkunum. Samþykkt þess dregur enn fremur úr hvatningu til almenns þjóðhagslegs sparnaðar á tímum þegar þensla er fram undan í efnahagslífinu og því brýnt að beita öllum ráðum til að hvetja landsmenn til sparnaðar. Jafnframt er það alvarlegt mál að samþykkt frumvarpsins mun fella brott nær eina hvatann sem 12–15 þúsund starfsmenn sveitarfélaga hafa til viðbótarlífeyrissparnaðar. Í tilviki þeirra er því rangt, sem meiri hlutinn fullyrðir, að með frumvarpinu sé einungis verið að fella brott þann sparnaðarhvata sem minnstu máli skiptir varðandi viðbótarlífeyrissparnað. Athygli vekur að jafnólík samtök og stofnanir sem Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landsbankinn, Hagfræðistofnun og Samtök banka og verðbréfafyrirtækja leggjast gegn samþykkt frumvarpsins. Samband íslenskra tryggingafélaga telur álitamál hvort rétt sé að gera frumvarpið að lögum að svo stöddu.

Arfleifð verðbólguáranna birtist meðal annars í því að sparnaðarhefðin hvarf úr vitund landsmanna. Sparnaður borgaði sig einfaldlega ekki á þeim tímum þar sem sparað fé brann á báli verðbólgunnar og glataðist að stórum hluta. Þetta leiddi til þess að í kjölfar lágrar verðbólgu sem tókst að koma á í tíð ríkisstjórnarinnar 1988–1991, sem báðir A-flokkarnir áttu aðild að, hefur reynst mjög erfitt að glæða sparnaðarvitund Íslendinga. Eina árangursríka aðferðin til að ýta undir almennan þjóðhagslegan sparnað hefur til þessa verið þeir hvatar sem beitt var af opinberri hálfu til að festa viðbótarlífeyrissparnaðinn í sessi.

Fyrir þá sem vinna á almennum vinnumarkaði og opinbera starfsmenn, aðra en starfsmenn sveitarfélaga, hafa þessir hvatar verið þríþættir: Í fyrsta lagi hefur sparandinn fengið skattfrestun á viðbótariðgjaldi. Í öðru lagi var samið í kjarasamningum 1998 um sérstakt 2% framlag launagreiðanda á móti greiddu iðgjaldi launamanns. Í þriðja lagi var lögum um tryggingagjald tvíbreytt þannig að launagreiðendur fengu afslátt af tryggingagjaldi sem nam 0,1% fyrir hvert prósent sem starfsmenn greiddu í viðbótarlífeyrissparnað, upp að 4% sparnaði. Afslátturinn lagðist við viðbótarlífeyrissparnað launamannsins. Lækkun tryggingagjaldsins sem rann til viðbótarlífeyris sparenda mátti þó aldrei vera meiri en 10% af iðgjaldahluta hans.

Þessir þrjú hvatar hafa leitt til þess að smám saman hefur þátttaka í viðbótarlífeyrissparnaðinum orðið mjög góð. Ekki er að efa að langmikilvægasta hvatningin hefur verið 2% mótframlag launagreiðandans. Um það mótframlag var samið í kjarasamningum 1998 eins og fyrr segir. Aðilar vinnumarkaðarins eiga því stærstan heiður af því, ekki síst verkalýðshreyfingin. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp í ljósi þess að ríkisstjórnin, og fjármálaráðherra sérstaklega, tala jafnan með þeim hætti að þeim beri alfarið að þakka hversu giftusamlega hefur

tekist með viðbótarlífeyrissparnaðinn. Það er einfaldlega rangt eins og hér er bent á. Mótframlagið varð til í frjálsum samningum vinnumarkaðarins og með aðild fjármálaráðuneytis.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er öfundarefni vítt um heim. Það er á góðri leið með að verða styrkasta stoðin í velferðarkerfi landsmanna, sem verkalýðshreyfingin á mestan heiður á að hafa komið á fót með baráttu sinni alla síðustu öld. Á þessu ári greiða alls um 162.619 Íslendingar í lífeyrissjóði samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins. Hátt í helmingur þeirra, 43,3% eða 70.566 manns, tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum. Viðbótariðgjaldið nam alls um 5,8 milljörðum kr. þannig að tíund tryggingagjaldsins, sem launamenn tapa ef frumvarpið verður samþykkt, getur orðið fast að 580 millj. kr. Ofangreindar tölur um þátttöku í almennum lífeyrissparnaði og viðbótarsparnaðinum sýna svart á hvítu að stórir hópar taka ekki þátt í viðbótarsparnaðinum og líklegt að margir geri það einungis að takmörkuðu leyti. Alþýðusamband Íslands telur í umsögn sinni að þetta séu einkum hinir tekjulægri, enda auðvelt að færa rök að því að það séu fyrst og fremst þeir sem telja sér ekki fært að leggja aukreitis inn á lífeyrissreiknig umfram það sem lögboðið er. Það má rifja upp að verkalýðshreyfingin brást á sínum tíma við þessu með því að semja í desember 2001 um að 1% framlag launagreiðenda væri óháð framlagi launþega. Þátttökuleysi stórra hópa, eins og fyrrgreindar tölur birta, sýnir hins vegar að það er fráleitt tímabært að draga úr hinum opinbera hvata til þátttöku í viðbótarlífeyrissparnaðinum. Þvert á móti ætti að halda honum inni í kerfinu, og ráðast sérstaklega í kynningu á gagnsemd viðbótarsparnaðarins gagnvart tekjulægri hópum á vinnumarkaði.

Þá er ótalin sú alvarlega staðreynd að tíund tryggingagjaldsins er líklega mikilvægasti hvatinn sem ýtir undir viðbótarsparnað mjög stórs hóps sem starfar fyrir sveitarfélögin. Ástæðan er sú að starfsmenn sveitarfélaga hafa ekki náð því fram í samningum sínum við sveitarfélögin að þau greiði mótframlag upp á 2% til þeirra sem taka þátt í viðbótarsparnaðinum. Sjöfn Ingólfssdóttir, varaformaður BSRB og formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, upplýsti á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 18. nóvember að hér væri um 12–15 þúsund manns að ræða. Tíund tryggingagjaldsins, sem er hreint mótframlag ríkisins, er því mikilvægasti hvatinn sem að þessum stóra hópi beinist hvað viðbótarsparnaðinn áhrærir. Í frumvarpinu er verið að fella hann brott. Það eitt ætti að nægja til að frumvarpið verði ekki samþykkt. Stjórnarandstaðan vill af þessu tilefni mótmæla harðlega þeirri fullyrðingu í áliti meiri hlutans að tíund tryggingagjaldsins sé veigaminnsti þátturinn varðandi viðbótarsparnaðinn. Svo er alls ekki í tilviki fyrrgreinds hóps, þar sem tíundin er eina mótframlagið, og því augljóslega mikilvægari en skattfrestun á iðgjaldshlutanum. Hin ranga fullyrðing meiri hlutans sýnir að stjórnarliðar hafa annað tveggja ekki unnið heimavinnuna sína með því að kynna sér allar hliðar málsins eða þeir telja það ekki ómaksins vert að ýta undir viðbótarsparnað þeirra 12–15 þúsunda sem vinna hjá sveitarfélögunum í landinu.

Stjórnarandstaðan ítrekar að samþykkt frumvarpsins grefur undan almennum sparnaði landsmanna þegar allar spár benda til þess að búast megi við verulegri þenslu í hagkerfinu. Samþykkt frumvarpsins gengur því þvert á yfirlýst markmið jafnt stjórnar sem stjórnarandstöðu um hagstjórn.

Verði frumvarpið að lögum jafngildir það kjaraskerðingu upp á 5–600 millj. kr. fyrir launamenn í landinu. Stjórnarandstaðan tekur heils hugar undir með umsögn Alþýðusambands Íslands þar sem segir: „Slík kjaraskerðing mun ekki auðvelda komandi kjarasamningsgerð.“

Alþingi, 25. nóv. 2003.

Össur Skarphéðinsson,
frsm.

Álfheiður Ingadóttir.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Alþýðusambands Íslands.

(Reykjavík, 3. nóvember 2003.)

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 113/1190, um tryggingagjald með síðari breytingum, 89. mál.

Frumvarið felur það í sér að heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi sem nýta á móti sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaði fellur brott.

Markmiðið með umræddri heimild var að efla lífeyrissparnað landsmanna og einnig þjóðhagslegan sparnað. Bæði markmiðin eru enn í fullu gildi. Stórir hópar launafólks hafa ekki nýtt sér viðbótarlífeyrissparnaðinn nema að takmörkuðu leyti. Þetta á sérstaklega við um þá tekjulægri. Verkalýðshreyfingin brást við á þann hátt að semja í desember 2001 um að 1% framlag launagreiðanda væri óháð framlagi launþega. Mikil nauðsyn er að halda áfram á þeirri braut að reyna að efla viðbótarlífeyrissparnaðinn, sérstaklega gagnvart þeim sem hafa lægri launin.

Það er að auki beinlínis óráðlegt að fella brott hvata til þjóðhagslegs sparnaðar þegar allar spár benda til þess að búast megi við verulegri þenslu í hagkerfinu.

Einnig má benda á að verði umrætt frumvarp að lögum er verið að rýra kjör launafólks um 500-600 milljónir á ári. Slík kjaraskerðing mun ekki auðvelda komandi kjarasamningsgerð.

Alþýðusamband Íslands leggst alfarið gegn því að umrætt frumvarp verði samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands


Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Fylgiskjal II.**Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða.**

(Reykjavík, 27. október 2003.)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 89. mál, viðbótarlífeyrissparnaður. Frumvarpið fjallar um að fella niður framlag ríkisins til viðbótarlífeyrissparnaðar, sem getur hæst orðið 0,4% eða 10% af 4% iðgjaldi.

Landssamtök lífeyrissjóða leggja gegn samþykki þessara breytinga á lögum um tryggingagjald. Nauðsynlegt er að hafa sérstakan hvata, þannig að launamenn sjái sér hag í því að leggja til hliðar ákveðinn hluta af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað. Frekar þyrfti að auka þennan hvata, heldur en draga algerlega úr honum. Þá ber þess að geta að almenn þátttaka launafólks varðandi viðbótarlífeyrissparnað dregur úr einkaneyslu og ætti þannig að hamla gegn þenslu í þjóðfélaginu. Auk þess ber að hafa í huga að launamenn greiða tekjuskatt af viðbótarlífeyrissparnaðinum og þar með einnig af framlagi ríkissjóðs. Þá ber þess að geta, að þó samið hafi verið sérstakt framlag atvinnurekenda, allt að 2% á móti iðgjaldi launamanna, njóta ekki allir launamenn framlags atvinnurekandans, t.d. ekki starfsmenn sveitarfélaga.

Það er því skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að frekar beri að stuðla að auknum langtímasparnaði almennings, heldur en að draga úr honum og minnka þannig þá hvatningu, sem nú er í lögum um tryggingagjald.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Fylgiskjal III.

Umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
(Reykjavík, 17. október 2003.)

Ljóst er að ákvæði í lögum um tryggingagjald sem veita skattaafslátt til þeirra sem kjósa að leggja til hliðar fyrir eftirlaunaárin með viðbótarlífeyrissparnaði hefur átt ríkan þátt í að fólk hefur valið þessa leið. Um helmingur starfsmanna á Íslandi tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði og hefur þeim stöðugt farið fjölgandi undanfarin ár. Í athugasemdum við frumvarpið segir að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafi náð settu marki, að viðbótarlífeyrir hafi náð fötfestu og því sé ekki þörf á sértækum ráðstöfunum á þessu sviði. Þessu lýsir Hagfræðistofnun sig ósammála:

1. Enn er mikil þörf til að auka þjóðhagslegan einkasparnað, sérstaklega vegna mikilla umsvifa í íslensku efnahagslífi á næstu árum. Í stað þess að um 500 milljónir króna endi á lífeyrisreikningum launþega og tilsvarandi þjóðhagslegur einkasparnaður myndist, aukast tekjur ríkissjóðs um sömu upphæð. Þessum auknu tekjum ríkissjóðs er þá hægt að rástafa til verkefna á vegum hins opinbera með tilsvarandi innspýtingu í efnahagslífið eða í að greiða niður skuldir með tilsvarandi þjóðhagslegum sparnaði. Af þessum þremur kostum er aukning þjóðhagslegs einkasparnaðar æskilegastur.
2. Ráðstöfunin mun draga úr vilja þess helmingis íslenskra launþega sem ekki tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði nú til að hefja þátttöku.
3. Á hverju ári bætast 2-3 þúsund nýjir starfsmenn við á íslenskan vinnumarkað og mun ráðstöfunin draga úr hvatanum fyrir þessa starfsmenn til að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði.

Almannatryggingakerfið og almenna lífeyriskerfið munu í framtíðinni gefa eftirlaunaþegum færi á að njóta um 65-75% meðaltekna sinna eftir að sest er í helgan stein, ef fullum réttindum er náð. Viðbótarlífeyrir bætur um 10 prósentustigum við þá tölu, miðað við að greitt sé alla starfsæfi í viðbótarlífeyrissjóð og að ávöxtun sé þokkaleg. Jafnframt er ljóst að því hærri sem lífeyrir er úr almennum sjóðum og viðbótarlífeyrissjóðum, því minni verður þunginn á almannatryggingar í framtíðinni vegna tekjutenginga.

Af öllum framangreindum ástæðum er mjög mikilvægt að hvetja sem flesta launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar og eru sértækar ráðstafanir sem þessar afar mikilvægar í því sambandi. Því lýsir Hagfræðistofnun sig mótfallna fyrirhuguðum breytingum á lögum um tryggingargjald.

Virðingarfyllt,


Pjetur P. Herbertsson,
forstöðumaður.